

sögu er nefndir eru Montanistar og Alogi. Þeir byrja austur á Sýrlandi. Þeir eru nokkurskonar seinuittíðar Aðventistar og leggja áherzluna á Heilags Anda sending, tala tungum og eiga von á hverri stundu á 1000 ára ríkinu. Þeir voru dæmdir brátt vantrúarflokkur, fluttu þó ekki annað en það sem kyrkjan í fyrstu hafði einlæglega trúað og jafnvel Páll sjálfur kennt. Um tíma tók kyrkjan í Róm upp við þá, en féll frá kenningum þeirra strax og hún sá að hún myndi ekki verða ofan á. Þó hefir skoðun þeirra viðhaldist í hinni svonefndu Orþodoxíu, og ein bók N. T., Opinberunarbókin, er sannarlega ekki fjarri þeirra kenningu.

Hefði ekki kyrkjan á fyrstu þremur öldunum alltaf satt ofsóknum við og við, hefði margfalt meira borið á og hlotist af öllum þeim skoðana mun er innan hennar ríkti. En ofsóknir utanaðkomandi voru til þess að halda henni saman. Þess vegna fram að þeim tíma að kristnin fékk viðurkenningu í Rómverska ríkinu árið 311, virtist fljótt á að líta út í frá, eins og allur skoðana munur væri aðeins það sem einstöku ofstækis mönnum bari á milli við almennu skoðanina.

En þó var engin almenn skoðun til, er því nafni gæti nefnst. Flokkarnir lágu niðri og kyrkjurnar á hinum ýmsu stöðum fylgdi hver sinni útleggingu og blandaði kenningar sínar samtíðar heiðinglegum og heimspekilegum skoðunum. Fyrstu kenningar trúboðanna og postulanna lágu óljóst í minni og komu fram eftir að írelsið var fengið og kristnin fór að njóta sín.

Það sem á fyrstu öldinni var nefnt Ebioníska, og gyðinglegu postularnir kendu, það, að Jesú væri sonur Jósephs og Maríu, kom aftur á gang í lok annarar aldar, undir nafninu Monarkíanism, eða sem þýðir það að alt guðlegt vald er guðs eins og að „orðið útgengið frá föðurnum“ er aðeins það vald og kraftur, er faðirinn gefur stöku mönnum, eins og Jesú, en ekki að hann taki þá til jafns við sig né að þeir hafi verið til frá upphafi allra vega. Helztu flutningsmenn þessara skoðana voru Þeodótus, frá Litlu Asíu, er fluttist til Róm, í lok 2 aldar og Páll frá Samosata, byskup í Antíokkíu, um árið 260. Kenn-ing þessi var aðeins skoðan samtíðarmanna Jesú á honum, vak-